

Sp.

## 544. Nefndarálit

[13. mál]

um till. til pál. um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er einhuga um að mikil nauðsyn sé á athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur og öðrum þeim aðgerðum sem til lausnar mega verða á vanda þeirra sem ánetjast hafa vímuefnum.

Nefndin telur hins vegar ekki ástæðu til „að skipa þriggja manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldin, andlega og líkamlega, vegna fíkniefnaneyslu“. Að því verkefni vinnur nú stjórnskipuð nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 15. júlí 1981 samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí það ár og í eru fjölmargir færustu sérfræðingar í geðheilbrigðismálum. Nefndin mun skila tillögum fyrir 1. apríl n. k. Í nefndinni eiga sæti:

Ingvar Kristjánsson geðlæknir, formaður,  
Högni Óskarsson geðlæknir,  
Ásgeir Karlsson geðlæknir,  
Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi,  
Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur,  
Oddur Bjarnason geðlæknir, formaður Geðverndar,  
Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur,  
Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur,  
Guðrún A. Janusdóttir læknafulltrúi og  
Örbrún Halldórsdóttir læknaritari.

Um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur hefur hópur innan nefndarinnar fjallað sérstaklega, en hann skipa: Ásgeir Karlsson, Hulda Guðmundsdóttir, Margrét Hróbjartsdóttir og Ingvar Kristjánsson.

Hin stjórnskipaða nefnd hefur þegar skilað miklum upplýsingum og tillögum til ráðuneytisins og hefur sumum þeirra verið komið í framkvæmd, svo sem bráðþjónustu við geðsjúka í Reykjavík.

Allsherjarnefnd telur því ekki ástæðu til að skipa nýja nefnd til að vinna þetta verk þar sem að því er unnið af færustu sérfræðingum og tillagna að vænta fyrir 1. apríl n. k. samkvæmt einróma ályktun Alþingis. Því er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess að framkvæmdir verði í samræmi við vilja alþingismanna þegar tillögur til úrbóta liggja fyrir, og til þeirra verði veitt fé.

Alþingi, 27. febr. 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson,  
form.  
Eggert Haukdal.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.  
Pétur Sigurðsson.  
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Guðrún Helgadóttir,  
frsm.  
Jóhanna Sigurðardóttir.